

Alþingi
Erindi nr. P 133/1659
komudagur 20.4.2007

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT


NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. apríl 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki.

Með erindi dagsettu 20. mars síðastliðinn óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn Neytendasamtakanna vegna frumvarps til laga um mannvirki.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

a. Kostnaður við rekstur Byggingarstofnunar – Byggingaröryggisgjald.

Í 37. gr. frumvarps til laga um mannvirki kemur fram að byggingaröryggisgjald skuli innheimt til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Er 1. mgr. 37. gr. svohljóðandi:

„Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald. Byggingaröryggisgjaldið skal nema 0,08 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Byggingaröryggisgjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar.“

Neytendasamtökin leggjast gegn því að byggingaröryggisgjald skuli standa undir rekstri Byggingarstofnunar. Hér er um skatttöku að ræða sem bitna mun á meginþorra almennings, óháð því hvort þjónusta stofnunarinnar er nýtt. Er ljóst að þessi tilhögun mundi leiða til hærri iðgjalda þannig að neytendur beri í raun þungan af kostnaði við rekstur Byggingarstofnunar, það er ríkisstofnunar sem sinnir opinberu eftirliti á vegum ríkisins. Þá er því jafnframt mótmælt að vátryggingarfélögum sé falið að taka að sér innheimtu fyrir ríkissjóð á þennan hátt. Enn fremur er upphæð gjaldsins mótmælt en samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins við frumvarpið er gert ráð fyrir að það nemi 392 milljónum kr., en heildarkostnaður Byggingarmálastofnunar nemi 380 milljónum á ársgrundvelli.

Neytendasamtökin telja hins vegar eðlilegt að kostnaður við rekstur Byggingarstofnunar greiðist af þeim aðilum sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar og að sett verði hófleg gjaldskrá er endurspeglir raunverulegan kostnað, skv. 38. og 39. gr. frumvarpsins.

Að því leyti sem slík gjaldtaka stendur ekki undir kostnaði við Byggingarstofnun telja Neytendasamtökin að rekstrarkostnaður skuli greiddast úr ríkissjóði en ekki með

gjaldtöku frá almenningi. Leggja Neytendasamtökin því til að 37. gr. frumvarpsins verði felld burt.

b. Ábyrgð eiganda mannvirkis – Ábyrgð byggingarstjóra

Í frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að ábyrgð eiganda mannvirkis aukist frá því sem nú er og að á móti takmarkist ábyrgð byggingarstjóra. Í 14. gr. frumvarpsins kemur fram að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á því að farið sé að kröfum laganna og reglugerða sem verða settar á grundvelli þeirra. Í nágildandi lögum er það á ábyrgð byggingarstjóra að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir. Þá hefur Hæstiréttur túlkað ábyrgð byggingarstjóra með enn rýmri hætti, sbr. H 267/2005, en þar er það niðurstaða réttarins að byggingarstjóri beri ekki eingöngu ábyrgð á því að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir heldur einnig á göllum sem rekja má til lakra vinnubragða iðnmeistara, ef sýnt er fram á að byggingarstjóri hafi látið slík vinnubrögð viðganga.

Samkvæmt þessum dómi ber byggingarstjóri því ábyrgð á því að þeir meistarar sem vinna við verkið viðhafi fagleg og gallalaus vinnubrögð við framkvæmd starfana. Sú niðurstaða verður að teljast eðlileg í ljósi þess að eigendur eða lóðarhafar hafa jafnan takmarkaða þekkingu á byggingarframkvæmdum og –löggjöf en byggingarstjóri er fagaðili sem hefur reynslu og menntun, sem er til þess fallin að tryggja að byggt sé í samræmi við lög og reglur og að viðhöfð séu rétt vinnubrögð.

Neytendasamtökin telja hættu á að réttaróvissa skapist ef gerðar verða slíkar breytingar á nágildandi löggjöf. Geti slíkt leitt til vafa um hvar ábyrgðin liggi. Telja Neytendasamtökin jafnframt að ákvæði þetta leggi óhóflegar byrðar á hinn almenna húsbyggjanda, sem í góðri trú ræður sér fagaðila til starfana.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir